



## ÍSAFJÖRÐUR TENGIST ALPJÓÐASVEIT

### Afmælikveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Löngum hefur verið öflugt félagslíf á Ísafirði; bærinn borið svipmót athafnasemi, áhuga, baráttu og frumkvæðis, einkenna sem fylgt hafa félögunum sem Ísfirðingar starfræktu í tímans rás.

Lionshreyfingin hefur á öflugan hátt mótað bæjarbraginn í 50 ár, stuðlað að samkennd íbúanna og lagt góðum málum lið á þann einlæga hátt sem Lionsmenn hafa gert að aðalsmerki sínu.

Áður fyrr voru félögin á Ísafirði nánast alfarið bundin við heimabyggð en á síðari hluta 20. aldar varð starfsemin æ alþjóðlegri. Lionsklúbbur Ísafjarðar er hlekkur í einstakri og öflugri keðju sem teygir sig vítt og breitt um veröldina.

Ég kynntist því vel á heimspingi Lions sem haldið var í Boston í fyrra hve mikils metnir íslenskir Lionsmenn eru innan hreyfingarinnar. Heimsforsetar Lions sem sótt hafa heim Bessastaði hafa einnig oft og iðulega ítrekað merkilegt framlag Íslendinga í viðræðum okkar.

Gaman er fyrir Ísfirðinga að vera þátttakendur í slíkri sveit og deila góðu orðspori með öðrum.

Ég færi Lionsklúbbi Ísafjarðar einlægar árnaðaróskir á þessum tímamótum og sendi öllum bæjarbúum bestu kveðjur.

(undirskrift)